

# Barvy (litir)

hvítur

gulur

appelsínugulur

bleikur

rauður

blár

fjólublár

grænn

brúnn

grár

svartur

*Sítróna er gul. Sítrónur eru gular.*

jarðarber (N)

appelsína (F)

banani (M)

tré (N)

mús (F, mýs)

björn (M, birnir)

plóma (F)

sólblóm (N)

gulrót (F, gulrætur)

svanur (M)

fill (M)

rós (F)

vínber (N)

hrafn (M)

## Árstíðir á Íslandi

Veturinn er frá janúar til desember. Hann er langur og frekar kaldur. Oftast er éljagangur, snjór og frost, og oft er mjög hvasst. Dagarnir eru stuttir í skammdeginu.

Vorið er frá apríl til maí. Þá fer að hlýna, dagarnir lengjast og lóan kemur til landsins. Náttúran vaknar úr vetrarsvefni og allt byrjar að blómstra.

Sumarið er frá júlí til ágúst. Þá er bjart allan sólarhringinn, og þegar sólin skín er oft mjög hlýtt og þægilegt, allt upp í 20–25 stig. Það eru margar útihátíðir, og margir fara í útilegu. En það getur líka verið svalt, jafnvel kalt, sérstaklega á hálendinu, og það má alltaf búast við úrkomu. Í ágúst og september fara menn í berjamó.

Haustið er frá september til nóvember. Haustlitirnir eru mjög fallegir, en um haustið fer líka að kólna og það er oft rigning og hvasst.

## Útlit og persónuleiki

Christof er dökkhærður og hávaxinn. Hann er hress og skemmtilegur.

Anna er líka dökkhærð og mjög grönn. Hún er frekar alvarleg og mjög heiðarleg.

Björn er ljóshærður og hávaxinn. Hann er mjög duglegur.

Guðrún er ljóshærð með sítt hár. Hún er lágvaxin og frekar þybbin. Hún er svolítið feimin.

Inga er með skollitað, stutt hár. Hún er lágvaxin og aðeins of feit. Hún er mjög gestrisin.

Kári er gráhærður. Hann er hár og grannur. Hann er mjög opinskár en samt alltaf kurteis.